

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 139/709*  
*komudagur 6.12.2010*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 6.12.2010  
Tilvísun: Þskj. 207 – 190. mál

**Efni: Umsögn Félags um lýðheilsu um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 41/2007, um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu. Þskj. 207 – 190. mál**

Félag um lýðheilsu hefur tekið til umsagnar frumvarp um breytingu á lögum nr. 41/2007 um landlækni, með síðari breytingum, og um brottfall laga nr. 18/2003, um Lýðheilsustöð, vegna stofnunar nýs embættis landlæknis og lýðheilsu.

Félag um lýðheilsu vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið.

#### **Almennt**

Félag um lýðheilsu vill fagna frumvarpinu og telur að í heild muni það stuðla að samþættara og öflugara lýðheilsustarfi undir nýrri stofnun landlæknis og lýðheilsu.

#### **Starfssvið embættis landlæknis og lýðheilsu**

Með því að leggja niður Lýðheilsustöð og færa verkefni hennar undir Landlæknisembættið tengist lýðheilsustarf í auknum mæli heilbrigðisþjónustu og kann þannig að þrengja sýn og starfsvettvang lýðheilsustarfs á vegum hinnar nýju stofnunar. Slíkt er áskorun. Það er því mikilvægt að æðsti yfirmaður stofnunarinnar hafi sérfræðimenntun á sviði lýðheilsu.

#### **Lýðheilsusjóður - fjárframlög til verkefna á sviði forvarna**

Það er fagnaðarefni að á fót verði komið einum lýðheilsusjóð sem hafi það að hlutverki að styrkja lýðheilsustarf innan sem utan nýrrar stofnunar. Slíkt er til þess fallið að efla alhliða nálgun að áhrifaþáttum heilbrigðis og hverfa þar með frá núverandi málaflokka fyrirkomulagi. Þetta mundi styrkja heildarnálgun að áhrifaþáttum heilbrigðis og hvernig best er að vinna með þá sem heild með endamarkmið í bættri heilsu landsmanna.

Tryggja þarf fjármuni til verkefna á sviði forvarna og heilsueflingar þar sem vettvangurinn er á samfélagsgrunni og í almannabágu. Gæta verður þess að rýra ekki áður eyrnamerkt framlög til forvarna og er því mikilvægt að Lýðheilsusjóði sé ráðstafað frá Embætti landlæknis og lýðheilsu. Minnt er á að framlög á Íslandi til fyrsta stigs forvarna eru ekki há miðað við heildarútgjöld til heilbrigðismála.

**Tilfærsla verkefna er tengjast eftirliti**

Gert er ráð fyrir flutningi verkefna frá Landlæknisembættinu til Lyfjastofnunar. Þá vakna spurningar um hvort metnir hafi verið kostir við að innlima Lyfjastofnun í nýja stofnun. Með því næðist að sameina allt eftirlit með heilbrigðisþjónustu á einum stað. Ennfremur mætti hugsa sér breytingar á fyrirkomulagi skráningar lyfja, þannig að öll lyf sem eru með markaðsleyfi á Norðurlöndum séu viðurkennd á íslenskum markaði. Slíkt myndi spara ómælt fé, tryggja jafnari aðgang að lyfjum og gera stóra stofnun óþarfa.

**Eftirlit með starfi embættis landslæknis og lýðheilsu**

Í frumvarpinu er ekki kveðið á um eftirlit með þeim verkefnum sem stofnunin framkvæmir. Æskilegt væri að kveðið væri á um árangursmat þeirra hjá óháðum aðilum.

Félagið vonast til að á vettvangi nýrrar stofnunar verði þróað mat á stjórnvaldsaðgerðum sem hafa áhrif á heilbrigði almennings (health impact assessment) og að slíkt mat sé nýtt í ákvarðanaferli fyrir stórar framkvæmdir eins og dæmi eru um með umhverfismati nú.

Virðingarfyllst,

F.h. Félags um lýðheilsu

---

Kristinn Tómasson, formaður